

Stjórn Eikar fasteignafélags hf.  
b.t. Bjarna K. Þorvarðarsonar, stjórnarformanns  
Sóltúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2023

**Efni: Valfrjálst tilboð Regins hf. í hlutabréf Eikar fasteignafélags hf.**

Vísað er til bréfs stjórnar Eikar fasteignafélags hf. („**Eik**“) til stjórnar Regins hf. („**Reginn**“), dags. 11. október sl., í tilefni af framkomnu valfrjálstu tilboði Regins í allt hlutafé Eikar.

Í bréfi sínu lýsir stjórn Eikar yfir vilja til þess að skoða sameiginlega með stjórn Regins grundvöll sameinaðs félags með fyllri hætti, svo sem með samtali og skoðanaskiptum ráðgjafa beggja félaga. Í framhaldi er óskað eftir viðræðum við stjórn Regins um tilboðið og áherslur sameinaðs félags, ef af yrði, til þess að kanna hvort stjórn Regins sé reiðbúin til þess að breyta áherslum sínum og veita stefnu Eikar meira vægi í framtíðaráformum sínum, eins og það er orðað í bréfi stjórnarinnar. Stjórn Eikar hefur lýst því yfir að hún hyggist birta uppfærða afstöðu til tilboðs Regins að minnsta kosti einni viku áður en gildistími tilboðsins rennur út.

Stjórn Regins hefur farið yfir erindi stjórnar Eikar varðandi valfrjálst tilboð Regins til hluthafa Eikar. Tilboðinu er markaður skýr rammi samkvæmt lögum um yfirtökur, samkeppnislögum og stöðu félaganna sem skráðra félaga á markaði. Á meðan tilboðið er í sínum lögbundna farvegi bindur sá lagalegi rammi hendur stjórnar Regins og takmarkar möguleika hennar til þess að eiga viðræður við stjórn Eikar um mögulegar breytingar á tilboðinu, hvort sem er á skilmálum þess eða þeim áherslum sem liggja tilboðinu til grundvallar.

Þær áherslur sem liggja til grundvallar valfrjálstu tilboði Regins hafa verið kynntar hluthöfum Eikar með ítarlegum hætti – fyrst í markaðspreifingum í aðdraganda þess að stjórn Regins ákvað að leggja tilboðið fram og í kjölfarið í opinberu tilboðsyfirliti vegna tilboðsins og uppgjöri Regins fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Umræddar áherslur Regins koma einnig fram í samrunatilkynningu sem er til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu og hefur verið birt opinberlega. Fyrir hluthöfum Eikar liggur að meta fyrirliggjandi skilmála og áherslur valfrjálsta tilboðsins og taka afstöðu til tilboðsins eigi síðar en 13. nóvember næstkomandi, að því gefnu að gildistími þess verði ekki framlengdur.

Í ljósi þeirra skorða sem stjórn Regins eru settar og með hliðsjón af því að málið er til lögbundinnar meðferðar hjá eftirlitsstofnunum og niðurstöðu er beðið telur stjórnin sér ekki fært að verða við beiðni stjórnar Eikar um viðræður á þeim grundvelli sem lagður er til í bréfinu.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Regins hf.,

Tómas Kristjánsson, stjórnarformaður